

| |
|---------------------|
| Málsnr.: R17030213 |
| Skráðarinn 7.3.2017 |
| 29. maí. 2017 |
| Bréfalykilt. 6111 |



Borgarstjóriinn í Reykjavík
 Helga Björk Laxdal
 Ráðhúsi Reykjavíkur
 101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
 SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
 sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 10. nóvember 2017
 Tilv.: SRN17041008/3.18.0

Efni: Sundabraut

Ráðuneytið móttók þann 29. mars 2017 bréf yðar þar sem tilkynnt var um að tillaga Sjálfstæðisflokkus um að borgarstjórn myndi hefja viðræður við innanríkisráðuneytið um Sundabraut hefði verið samþykkt. Bréfinu var svarað þann 3. apríl 2017 og upplýst um að það hefði verið móttekið og efni þess komið á framfæri. Ekki var gerður frekari reki að því af hálfu borgarinnar að hefja viðræður við ráðuneytið sérstaklega í samræmi við efni bókunarinnar.

Hins vegar er ráðuneytinu kunnugt um að Reykjavíkurborg hafi síðan átt í bréflegum samskiptum við Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, um lagningu Sundabrautar. Er Vegagerðin að mati ráðuneytisins réttur aðili til að vinna að markmiðum þeirra viðræðna sem borgin hefur kallað eftir, þ.e. arðsemismati og kostnaðargreiningu framkvæmdarinnar, auk þess að ákvarða tímasetningu framkvæmdarinnar og endanlega útfærslu og legu brautarinnar.

Í framangreindum bréfasamskiptum hafa aðilar einna helst tekist á um ábyrgð vegna þess kostnað armunar sem hlýst af því að skipulag borgarinnar hefur útilokað þann kost um lagningu Sundabrautar sem Vegagerðin hefur talið hagkvæmaston. Um ábyrgð borgarinnar á greiðslu kostnaðarmunar vísar Vegagerðin til 3. mgr. 28. gr. vegalaga nr. 80/2007. Engin niðurstaða liggur fyrir í þeim samskiptum.

Með hliðsjón af þessu hefur ráðuneytið ekki talið eðlilegt að stíga inn í viðræður Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar um lagningu Sundabrautar til þessa. Helgast það sérstaklega af því að í 3. mgr. 28. gr. vegalaga er gert ráð fyrir að ákvörðunum Vegagerðarinnar á grundvelli þess ákvæðis skuli skotið til samgönguráðherra til úrskurðar og því nauðsynlegt að ráðherra gæti að hæfi sínu til að úrskurða um málið á síðari stigum.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Sigurbergur Björnsson